

GREENCOAT®
COLORFUL STEEL



Norrænt gæðastál

fyrir erfið veðurskilyrði og grænni lífsmáta



Skoðun og viðhald á lituðu stáli
Þakklæðningar, veggklæðningar og rennukerfi

 **LímtreVjrnnet**

SSAB


GreenCoat – grænni og betri Gæðastál og hágæðahúð

GreenCoat® er vörumerki í lituðu stáli frá SSAB þar sem nýsköpun og umhverfisvitund er í fyrirrúmi og hentar fyrir byggingariðnaðinn og fleiri geira. Vörumerkið hefur á að skipa grænustu vöruflóru af lituðu gæðastáli til notkunar á byggingum utanhúss. GreenCoat býður enn fremur afburða og alhliða úrval af lituðu stáli fyrir þakklæðningar, veggklæðningar og rennukerfi. Vörur frá GreenCoat hafa mikla litheldni og slitsterka áferð í hvers konar veðri.

Flestar af GreenCoat-vörum okkar eru hannaðar með lífgrundaðri tækni (BT) þar sem stórum hluta af hefðbundnu jarðefni er skipt út fyrir lífgrundað efni – sem stuðlar að grænni lífsmáta og betri endingu. Þessi bæklingur gefur ráðleggingar fyrir skoðun og viðhald á lituðum stálplötum. Með réttu viðhaldi halda GreenCoat-vörurnar eiginleikum sínum í mjög langan tíma.



Þessi bæklingur er ætlaður þeim sem falið er að annast viðhald húsa með lituðu stáli fyrir þak- og veggklæðningar.



© Plannja

SKOÐUN OG VIÐHALD

Með því að velja GreenCoat tekur þú mikilvægt skref í átt að því að draga úr framtíðarkostnaði við eignina þína. Þú getur sinnt skoðun og viðhaldi upp á eigin spýtur eða látið sérfræðinga sjá um það. Reglubundin skoðun og viðhald kemur sér vel fyrir budduna. Sé rétt staðið að verki er hægt að tryggja hámarksendingu stálplötunnar.

NOKKUR MÁLNINGARKERFI

Allar vörur frá GreenCoat byggjast á málmhúðuðum stálplötum og eru til á margs konar formi. Með viðeigandi málningarkerfi getur GreenCoat hentað margvíslegum aðstæðum og staðist ýmsar gæðakröfur.

HVAÐA ÞÆTTIR Hafa ÁHRIF Á ENDINGARTÍMA GREENCOAT?

Umhverfi hússins ræður því hvernig málningin endist, þótt endingin sé mismunandi eftir málningarkerfi og þeim lit sem notaður er hverju sinni. Sólargeislun, veðurskilyrði og nálægð við sjóinn eru þættir sem stuðla að hrörnun málningar, auk mengunar í umhverfinu. Ef málningin skemmist veitir hún stálplötunni minni vernd gegn umhverfisþáttum. Minni háttar skemmdir á málningunni geta orðið við uppsetningu eða þegar festing eða verkfæri dettur á plötuna. Þetta dregur þó ekkert úr endingu GreenCoat ef slíkar skemmdir eru lagfærðar strax, sama hve smávægilegar þær eru. Sólin hefur áhrif á

veðrun málningarinnar á tvo vegu:

Með útfjólublárrí geislun sem flýtir fyrir veðrun og þegar sólin hitar málninguna. Liturinn sem valinn er hefur því einnig áhrif á endinguna þar sem ljósir litir endast aðeins lengur. Endingin veltur einnig á því hvort um vegg- eða þakklæðningu sé að ræða. Þakklæðning sem vísar í suður og er með litlum halla verður fyrir meiri áhrifum af sólinni en klæðning sem vísar í norður. Ending málningarinnar getur einnig oltið á því umhverfi sem platan er í. Stálplata sem notuð er við sjávarsíðuna verður fyrir ágangi saltvatns og því er ending hennar minni en stálplötu á húsi sem er lengra inni í landi. Auk þess getur útblástur frá iðnaði, umferð og verksmiðjum sem knúnar eru olíu haft áhrif á endingu yfirborðshúðarinnar.

TVEIR MÆLIKVARÐAR Á ENDINGU





Sé reglulegu viðhaldi sinnt getur þakklæðning með stálplötum enst í 150 ár, og jafnvel lengur. Til eru sænsk hús með stálplötupaki sem voru byggð árið 1832 þar sem plötustálið er enn í góðu ásigkomulagi, þökk sé reglulegri skoðun og viðhaldi. Til eru tveir ólíkir mælikvarðar á endingartíma litaðra stálplata: útlit og notagildi.

Í ábyrgðaryfirlýsingum okkar má finna lágmarksendingu útlits sem búast má við af óskemmdri yfirborðshúð við eðlilegar aðstæður. Þennan tíma má lengja með reglulegri skoðun og viðhaldi. Á þakklæðningum er alltaf einhver hættu á rispuskemmdum og tæring kann að verða á þessum skemmdu svæðum.

ENDING ÚTLITS er tíminn þangað til útlit húðarinnar hefur breyst svo mikið að það uppfyllir ekki lengur settar kröfur. Sú upplýsing sem telst viðunandi hverju sinni veltur á matsmanni og húsinu þar sem stálplötunni er komið fyrir.

ENDING NOTAGILDIS er tíminn þangað til að stálplatan hættir að verja burðarvirki hússins eða einangrunina undir stálplötunni. Þessi tímalengd er afar mismunandi og veltur á húðun stálplötunnar, gerð og þykkt málmhúðunarinnar, en fyrst og fremst umhverfinu þar sem stálplatan er lögð.

VEÐRUN MÁLNINGARINNAR

	1. 	2. 	3. 	4. 
Stig	Ný stálplata.	Kölkun, þ.e. bindiefni koma fram á yfirborði flatarins svo yfirborðið verður ljósara yfirlitum. Málning- arlagið er enn á sínum stað, en er þynna.	Grunnurinn er að verða sýnilegur. Hluti efsta lagsins hefur máðst burt.	Hluti grunnins og efsta lagsins hefur máðst burt og málmhúðin er sýnileg.
Aðgerðir		Ef kölkun þykir óviðunandi má þvo hana af.	Hægt er að hreinsa húðina sem fyrir er og mála yfir.	Hreinsið yfirborðið og fjarlægjið allar lausar málningarleifar, grunnið með ætigrunni og málið svo yfir.

ENDURHEIMT YFIRBORÐSHÚÐAR

Endurheimt málningarhúðarinnar getur falist í aðgerðum sem miða að því að:

- ▶ hreinsa yfirborðshúðina
- ▶ lagfæra minni háttar skemmdir
- ▶ mála allt yfirborðið aftur
- ▶ gera að skemmdum af völdum tæringar

ÞRIF

Oft nægir regn til þess að halda stálplötunum hreinum. Öll óhreinindi sem regnvatn skolar ekki burt má fjarlægja með mjúkum burstu og vatni eða háþrýstipvotti. Vandid vel til verka við þrif á flötum sem rigning nær ekki til og skolast því ekki með regnvatni. Þar sem mikil mengun er gæti þurft að nota hreinsilög til að þrifa plötuna. Hægt er að nota venju- legan uppþvottalög eða hreinsiefni til iðnaðarnota. Notið hreinsiefni í því magni sem framleiðandi leggur til. Skolið svo vandlega eða notið háþrýstidælu.

ÞVOTTARÁÐGJÖF

- ▶ Sterkari lausnir en þær sem mælt er með kunna að skemma málninguna.
- ▶ Skolið vandlega til að fjarlægja allar leifar af hreinsiefni.
- ▶ Forðist lífræn leysiefni og fægiefni.
- ▶ Byrjið á að bera hreinsiefnið á neðst og vinnið ykkur upp. Byrjið á að skola efst og vinnið ykkur niður.
- ▶ Farið gætilega. Óhóflegur þvottur gæti gert meiri skaða en gagn.

LAGFÆRINGAR

Hægt er að lagfæra minni háttar rispukemmdir í húðinni með því að bletta. Þá er mjór málningarpensill notaður til að mála yfir rispur. Notið hraðþornandi málningu. Þar sem vænta má þess að með tímanum upplitist þessi málning öðruvísi en málningin sem borin var á í verksmiðjunni er mikilvægt að mála bara þar sem þess er raunverulega þörf.

TÆRING

Meðhöndlið skemmdir af völdum tæringar með eftirfarandi hætti:

1. Skrapið eða slípið burt allt laust lífrænt efni.
2. Fjarlægjið allt ryð með því að þússa plötuna niður að berum málminum þar sem skemmdir eru. Hreinsið með basísku fituleysandi efni, t.d. 5% ætandi sóðalausn, að viðbættum þvottalegi. Skolið yfirborðið vandlega með vatni og látið þorna.
3. Málið yfir með ryðvarnargrunni.
4. Málið yfir eins og lýst er á næstu síðum.

TÆRING Á BRÚNUM

Brúnir tærast yfirleitt ekki við eðlilegar aðstæður. En það kann að gerast við erfiðar aðstæður og þá skal gera ráð- stafanir til að hlífa stálplötunni. Því næst skal gera það sem lýst er í skrefum 1–5 hér að neðan. Við erfiðar aðstæður kann að vera ráðlegt að vernda sýnilegar sagaðar brúnar þegar plötunni er fyrst komið fyrir.

1. Þússið eða skrapið burt alla lausa málningu eða ryð. Þússið niður mjóa rönd af nærliggjandi málningarlagi.
2. Sé ryð á brúninni skal þússa það niður að berum málminum.
3. Hreinsið með basísku fituleysandi efni, t.d. 5% ætandi sóðalausn að viðbættum þvottalegi.
4. Grunnið yfirborðið með ryðvarnargrunni.
5. Málið svo umferð af málningu yfir þússað yfirborðið. Ef það er tæring á brúnunum þarf að gæta þess sérstaklega að málningin nái yfir alla brúnina (málningin utan um brúnina á að vera eins og eldspýtuhaus í laginu).

Það er ef til vill erfiðara að meðhöndla tæringu á brúnum á stálplötum sem skarast, þar sem ekki er hægt að komast að bakhliðinni til að hreinsa hana. Þetta er hægt að leysa með

því að innsigla brúnina, þ.e. hreinsa eins og lýst er hér að framan og bera þéttiefni á samskeytin.

MÁLÆÐ AFTUR

Ef til vill gæti þurft að mála plötur aftur vegna upplitarar eða tæringar, eða einfaldlega til þess að skipta um lit. Alltaf skal standa fagmannlega að endurmálun utanáliggjandi stálplata og notast við þaulreynd málningarkerfi. Seljendur málningarkerfa veita leiðbeiningar um hvernig haga skuli endurmálun þegar kerfin þeirra eru notuð. Ef reyndur málningarverktaki annast verkið búa málarnir yfir allri nauðsynlegri þekkingu til að sjá um alla vinnu, allt frá skoðun til endanlegrar málningar.

Áður en tekin er ákvörðun um að endurmála allt yfirborðið skal gengið úr skugga um að það séu engar staðbundnar skemmdir og að viðloðun málningarinnar við grunninn sé góð. Ef verulegar staðbundnar skemmdir fyrirfinnast, eða ef málningin hefur upplitast ójafnt, er best að ráðfæra sig við sérfræðing til að skipuleggja endurmálun. Eftirfarandi reglur skal hafa til hiðsjónar:

1. a) Ef sink- eða álsinkhúðin hefur máðst burt skal grunna plötuna með ryðvarnargrunni.
b) Ef málningin hefur máðst burt en sinkhúðin er óskemmd skal grunna plötuna með ætigrunni.
2. Málið yfir. Ef fyrri málning er enn til staðar má þvo hana áður en málað er yfir til að tryggja góða viðloðun.

ENDURMÁLUN PVDF

PVDF er flúorfjöllida, eins og t.d. Teflon®, og því er mjög erfitt að ná góðri viðloðun og við mælum með að leitað sé sérfræðiaðstoðar. GreenCoat Hiarc vörur hafa í flestum tilvikum PVDF-húð. Vinsamlegast hafið samband við SSAB til að fá nánari útskýringar á tegund húðar.

ENDURMÁLUN Á GREENCOAT-VÖRUM (NEMA PVDF)

Aðferðin við endurmálun á GreenCoat-vörum er mismunandi eftir því hvort veður og vindar hafa leikið um plötturnar eða hvort plötturnar séu nýjar eða vísi ekki út. Í efsta laginu er vax til þess að auðvelda meðhöndlun með plötuna. Þetta getur valdið því að málning loðir illa við þegar málað er yfir. Þegar GreenCoat-vörur veðrast hverfur þetta vaxlag á yfirborðinu. Þá dugur einfaldur þvottur til að hreinsa plötuna. Það er nauðsynlegt að huga að þessu áður en málað er. Fylgið almennum ráðleggingum hér að neðan fyrir meðhöndlun á plötuyfirborði áður en málað er.

1. Hreinsið yfirborðið með alkalísku hreinsiefni og Scotch Brite svampi.
2. Skolið með vatni.
3. Ein umferð af grunni.
4. Ein eða tvær málningarumferðir.

Seljandi málningarinnar ætti að gefa nákvæmar leiðbeiningar um meðhöndlun áður en málað er.

MÁLNINGARVINNA

Þegar heilt þak er endurmálað er mikilvægt að fylgja vand- lega leiðbeiningum frá seljanda um notkun. Þetta er sérstak- lega mikilvægt fyrir þrif og formedhöndlun en einnig hvað varðar núverandi ástand þaksins sem á að fara að mála. Þegar málað er yfir minni háttar skemmdir er mikilvægt að mála eins lítið svæði og mögulegt er. Jafnvel þó að viðgerðin líti mjög svipað út og upphaflegi liturinn er hætta á að veðrun hafi mismunandi áhrif á málninguna og það endi með því að mikill munur sjáist eftir einhvern tíma. Notið mjóan pensil þegar lítil svæði eru máluð.



SSAB er stálframleiðandi sem er staðsettur á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum. SSAB býður virðisaukandi vörur og þjónustu sem þróuð er í nánun samstarfi við viðskiptavinum og þannig sköpum við sterkari, léttari og sjálfbærari heim. SSAB hefur starfsfólk í fleiri en 50 löndum. SSAB hefur framleiðslustöðvar í Svíþjóð, Finnlandi og Bandaríkjunum. SSAB er skráð í Nasdaq OMX Nordic Exchange í Stokkhólmi og er einnig skráð í Nasdaq OMX í Helsinki. www.ssab.com

SSAB og dótturfélög þess hafa lagt sig fram um að tryggja að innihald þessarar útgáfu sé rétt. Hins vegar tökum við ekki ábyrgð eða erum skaðabótaskyld gagnvart mistökum eða upplýsingum sem teljast vera misvísandi. Tillögur um, eða lýsingar á endanlegri notkun á vörum eða vinnsluáferðum eru aðeins til upplýsinga. SSAB og dótturfélög þess eru á engan hátt skaðabótaskyld hvað þetta varðar.

SSAB
SE-781 84 Borlänge
Svíþjóð

S +46 243 700 00
F +46 243 720 00

SSAB í Evrópu Oy
Harviaalantie 420
FIN-13300 Hämeenlinna
Finnland

S +358 20 59 11
F +358 20 59 25080

Límtré Vírnet - söluskrifstofa
Lynghálsi 2
110 Reykjavík

S 412 5000
sala@limtrevirnet.is
www.limtrevirnet.is


Límtré Vírnet

SSAB

ssab.com/GreenCoat